

1074. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. mars 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Pálmey H. Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir og Sigurður Sigfússon.

Dagskrá:

Stefán Einar setti fundinn kl.17:40 og tilkynnti að gestir fundarins undir dagskrárlið 5, þeir Vilhjálmur Bjarnason og dr. Róbert H. Haraldsson myndu mæta kl. 20:00 sem gæti haft áhrif á áður framsetta dagskrá.

Aðrir áheyrnarfulltrúar yrðu á fundinum undir þessum lið þau Steinunn Böðvarsdóttir frá VR og Friðjón Friðjónsson almannatengill frá Netspori.

1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fyrir fundargerð 1073. fundar sem var samþykkt og undirrituð.

Áður en kom að næsta dagskrárlið óskaði Stefán Einar eftir breytingu á áður kynntri dagskrá og dreifði eintaki af bókinni „Frá umsókn til atvinnu“ sem VR gefur út í samstarfi við höfunda bókarinnar. Upplýsti Stefán að bókinni hefði verið dreift á Atvinnumessu í Laugardalshöllinni þann 8. mars síðastliðinn og hefði hún vakið verðskuldaða athygli og fengið jákvæð viðbrögð. Bókin er eingöngu hugsuð fyrir VR félaga í atvinnuleit en allir nýir félagsmenn sem koma á atvinnuleysisráð munu fá afhent frítt eintak af bókinni. Sagði Stefán Einar að Vinnumálastofnun á Akureyri hefði falast eftir nokkrum eintökum af bókinni fyrir skrifstofu sína sem jákvætt var tekið í.

2. Dagsetning aðalfundar VR 2012

Stefán Einar lagði fram tillögu um dagsetningu aðalfundar VR. Lagði hann til að fundurinn yrði haldinn 10. apríl á Hilton Reykjavík Nordica kl 19:30. Sagði hann að þetta væri eina dagsetningin sem kæmi til greina á þessum stað og sem rúmast innan tímaramma laganna um aðlafund félagsins. Samþykkt.

Umræður.

Ragnar Þór mætti á fundinn kl 18:15

3. Stjórnarseta starfsmanna og stjórnarmanna VR í félögum og fyrirtækjum

Stefán Einar sagði frá því að hann hefði rætt við Benedikt Jóhannesson stjórnarformann Nýherja um brotthvarf framkvæmdarstjóra VR úr varastjórn Nýherja og ástæður þess. Sagði Stefán að VR þyrfti að veita og meta hvernig þessum málum væri háttað í framtíðinni og lagði til að nefnd yrði sett á fót til að skoða þessi mál. Í

framhaldi af þessari umræðu bar Stefán Einar upp tillögu um að Sigríður Stefánsdóttir stjórnarmaður VR myndi leiða þann hóp en hún væri nú að hverfa úr stjórn VR. Nefndin þyrfti að fá skipunarbréf til að vinna eftir sem yrði væntanlega gert eftir næsta aðalfund.

Umræður.

Sigríður tók vel í þessa tillögu og sagðist spennt fyrir því að þessi vinna færi í gang. Stjórnarmenn tóku vel í tillöguna og ánægja með að Sigríður sé tilbúin að taka þetta að sér og vinna áfram að málefnum VR þrátt fyrir brotthvarf úr stjórn VR. Tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt.

Undir þessum lið vildi Stefán Einar ræða skoðun sína á því að of einsleitur hópur sæti í stjórn Framtakssjóðs Íslands, þ.e.a.s. flestir væru beinlínis fulltrúar atvinnurekenda. Sagði að það væri ótrúlegt að enginn fulltrúi frá launþegum ætti þar sæti í stjórn en mikil óánægja væri með það innan launþegahreyfingarinnar. Óskaði Stefán Einar eftir stuðningi og umræðum innan stjórnar VR um að mæla með því að Helga Árnadóttir, framkvæmdarstjóri VR, taki sæti í stjórn sjóðsins á næsta aðalfundi Framtakssjóðsins. Sagði að þessi tilhögun gæti verið góð fyrir félagið ef Helga yrði skipuð í stjórnina en hún væri verðugur fulltrúi launþegahreyfingarinnar.

Umræður.

Töluverðar umræður urðu undir þessum lið en allir voru á því að Helgu væri treystandi til að sinna þessu starfi vel. Þó þarf að huga vel að þeirri hættu sem hagsmunaaðrekstrar geti valdið. Mikilvægt sé að greina þá þar sem þeir koma upp og bregðast rétt við með skynsamlegum hætti. Stefán Einar óskaði eftir að tillagan yrði borin upp til atkvæðagreiðslu. Ingibjörg óskaði eftir að kosið yrði um frestun til næsta fundar.

Tillaga um frestun til næsta fundar á meðmælum um skipun Helgu Árnadóttur í stjórn Framtakssjóðs Íslands var borin upp til atkvæðagreiðslu.

Tillagan var felld.

Tillaga borin upp til atkvæða um að mæla með skipan Helgu Árnadóttur í stjórn Framtakssjóðs Lífeyrisjóðanna.

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

4. Könnun á viðhorfi Félagsmanna til ESB-umsóknar

Stefán Einar dreifði gögnum frá Capacent og sagði frá spurningum sem lagðar voru fram í spurningavagni um viðhorf VR félaga sem gerð var 25. janúar 2012 – 1. febrúar 2012. Sagði Stefán að gera mætti ráð fyrir umræðum á væntanlegu ASÍ þingi um ESB og að gott væri að hafa viðhorf VR félaga í þeirri umræðu til hliðsjónar.

Hinsvegar hefðu fáir tekið afstöðu í könnuninni og því spurning hvort hún sé marktæk? Af þeim sem tóku afstöðu sögðu 51,4% nei um aðild að ESB, 38,1% voru hlynnt aðild og 10,6% sögðu hvorki né. Ljóst er þó að skoðanakönnunin væri ekki í samræmi við viðhorf ASÍ og því þörf umræða.

Umræður.

Skiptar skoðanir voru innan stjórnar um hvort þessi könnun væri tímabær þar sem viðræður væru stutt á veg komnar og fólk viti ekki hvað felist nákvæmlega í aðild að ESB. Stefán sagði að farið yrði með könnunina inn í miðstjórn ASÍ til kynningar og að hvatt yrði til að svipuð könnun yrði gerð á vegum ASÍ.

Áður en kom að næsta dagskrárlið kynnti Stefán Einar mál frá Orlofsstjórn sem væri utan dagskrár en nauðsynlegt væri að taka afstöðu til og afgreiða á þessum fundi. Sagði hann að þetta mál hefði borið skjótt að og því ekki komist á formlega dagskrá fundarins.

Lagði hann fram fundargerð frá síðast fundi Orlofsstjórnar en þar hafði verið tekin ákvörðun um að gera tilboð í sumarhús í Vestmannaeyjum. Stefán sýndi stjórninni myndir af húsinu og sagði meðal annars að VR ætti engin hús í Eyjum en lengi hefði verið beðið eftir rétta húsinu. Þegar hefur tilboð verið gert í 60fm hús upp á ca 13,5 miljónir en með fyrirvara um samþykki stjórnar og að húsið standist úttekt og skoðun.

Umræður

Tilboð um kaup á sumarhúsi í Vestmannaeyjum borin upp til atkvæða.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Skýrsla ráðgjafanefndar um úttektarskýrslu LL

Formaður ráðgjafanefndarinnar Vilhjálmur Bjarnason og dr. Róbert H. Haraldsson kynntu stjórn VR helstu niðurstöður sínar og úrvinnslu á úttekt á skýrslu Landssamtaka Lífeyrissjóða um Lífeyrissjóð Verzlunarmanna.

Fór Vilhjálmur í grófum dráttum yfir helstu atriði skýrslunnar og aðferðafræðina við úrvinnsluna. Skýrslan er í níu liðum í formi spurninga á 25 blaðsíðum.

Sagði Vilhjálmur að megin niðurstaða nefndarinnar væri sú að Lífeyrissjóður Verzlunarmanna hefði ekki brotið lög eða farið á svig við reglur sjóðsins. Hinsvegar væri gagnrýnisvert hvernig staðið hefði verið að fjárfestingum, með skammtímasjónarmið að leiðarljósi, í ljósi starsemi Lífeyrissjóðanna og farið á svig við verklags- og siðareglur sjóðsins. Telur nefndin að ýmislegt þurfi að taka í gegn innan LIVE og rekjanleiki ákvarðana þurfi að vera sýnilegri. Ekki taldi nefndin að þörf væri á breytingu á núverandi fyrirkomulagi um skipan í stjórn sjóðsins.

Nefndarmenn voru spurðir um hvert mat þeirra væri á skýrslunni. Sögðu þeir að tölfræðin væri mjög góð og samanburður á milli lífeyrissjóða. Töldu þó að aðeins hefði verið stigið hált skref og ýmislegt sem vanti uppá varðandi tillögur og mikið um hálfkveðnar vísur og þá sérstaklega er snýr að lagaumhverfi og lagabreytingum fyrir og eftir hrun. Hefði nefndin viljað sjá afdráttarlausari ákvarðanir í skýrslunni og sögðu að mörgum spurningum væri ósvarað.

Stefán Einar sagði að verið væri að leggja lokahönd á skýrsluna og hún yrði svo kynnt á blaðamannafundi fljótlega. Þakkaði hann nefndarmönnum fyrir komuna og vinnu við skýrsluna og gaf þeim eintak af bókinni „*Frá umsókn til atvinnu*“.

Bjarni vék af fundi kl 20:25

6. Stofnun Starf ehf. (Félag í eigu ASÍ og SA)

Stefán upplýsti stjórn um að hann hefði verið skipaður í stjórn STARF ehf. á vegum ASÍ í tengslum við verkefni VR við atvinnuleitendur.

7. Nýir trúnaðarmenn og endurkjörnir

Þessum lið var frestað til næsta fundar

Fundi slitið kl. 22:40

Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritaði fundargerð